

Nd.

183. Frumvarp

til laga um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta i stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varmann hans.

Greinargerð.

Frv. samskonar og þetta bar ég fram á síðasta þingi, eftir ósk nefndar, sem kosin hafði verið af búnaðarþingi til að endurskoða og koma fram með tillögur um stjórn og fyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands. Visast hér til þeirrar greinargerðar, er þá fylgdi frv., og umræðna þeirra, er um það urðu á þinginu. Frv. dagaði uppi, eins og kunnugt er. En á búnaðarþinginu í vetur var mál þetta tekið til rækilegrar meðferðar og samþykktar með öllum atkvæðum ýmsar breytingar á lögum félagsins. Ein af þeim breytingum (um stjórnarkosningu félagsins) getur vitanlega ekki gengið i gildi fyrir en fengizt hefir sú breyting á jarðræktarlögunum, sem hér er farið fram á. Eru það tilmæli búnaðarþingsins, að hið háa Alþingi verði við þessari ósk þess, og var mér falið að bera málið fram á Alþingi. Nánar i framsögu.